



Til allra sveitarstjóra og stjórnenda  
í velferðarþjónustu á landsbyggðinni

Egilsstöðum, 26. ágúst 2022

## Efni: stofnun umdæmisráðs á landsvísu

Kærar þakkir fyrir góða mætingu og undirtektir á fundi starfshóps um innleiðingu breytinga á barnaverndarlögum sem haldinn var fyrir í vikunni. Fyrir þau sveitarfélög sem ekki áttu fulltrúa á fundinum skal bent á að hann var tekinn upp og hægt er nálgast upptöku á fundinum [hér](#).

Eins og fram kom á fundinum, bendir allt til þess að stofnsett verði þrjú umdæmisráð barnaverndar á landinu, eitt í Reykjavík, eitt á höfuðborgarsvæðinu og það þriðja á landsvísu. Þetta erindi er vegna stofnunar umdæmisráðs á landsvísu og því öllum sveitarfélögum frjálst að gerast stofnaðilar ráðsins.

Öll sveitarfélög landsins eiga að hafa skipað umdæmisráð fyrir 1. október nk. og geta ekki sótt um undanþágu til að setja á stofn barnaverndarþjónustu undir 6000 íbúa markinu fyrir en að umdæmisráð hefur verið skipað og tilkynning um það borist ráðuneyti.

Því er hér með boðað til Teams fundar föstudaginn 2. september 2022 kl. 11:00 sem boðaður verður af Maríu Ingibjörgu Kristjánsdóttur, félagsþjónustufulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Á fundinum verða;

1. Kynnt drög að samningi umdæmisráðs á landsvísu, byggðum á samningsdrögum starfshóps um innleiðingu breytinga á barnaverndarlögum.
2. Drög að erindisbréfi valnefndar sem annast val á til þess bærum sérfræðingum sem gefa kost á setu í ráðinu.
3. Umræður og önnur mál.

Æskilegt er að sveitastjórar ásamt stjórnendum velferðarþjónustu þeirra sveitarfélaga sem hafa áhuga á þátttöku í umdæmisráði á landsvísu mæti á fundinn.

Virðingarfyllst,

Júlía Sæmundsdóttir  
félagsmálastjóri Múlapingis